BARNAVERNDARSTOFA

# Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu sex mánuði áranna 2009 og 2010

**Október 2010**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir fyrstu sex mánuði áranna 2009 og 2010. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu sex mánuði áranna 2009 og 2010.

**Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um rúmlega 3% fyrstu sex mánuði ársins 2010 samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2009. Þetta er svipuð fjölgun og var í samanburði fyrstu þrjá mánuði áranna 2009 og 2010, en fjölgunin þá var um 3%. Fjöldi tilkynninga var 4.933 fyrstu sex mánuði ársins 2010, en 4.765 fyrstu sex mánuði ársins 2009. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði lítillega, en fjölgunin á landsbyggðinni var tæplega 10%. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 46,7% tilkynninga fyrstu sex mánuði ársins 2010, en 47,1% fyrstu sex mánuði ársins 2009. Alls voru 31,7% tilkynninga vegna vanrækslu fyrstu sex mánuði ársins 2010, en 33,9% fyrstu sex mánuði ársins 2009. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi var 21,2% fyrstu sex mánuði ársins 2010, en 18,7% fyrstu sex mánuði ársins 2009. Hlutfall tilkynninga vegna þess að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var 0,5% fyrstu sex mánuði ársins 2010, en 0,3% fyrstu sex mánuði ársins 2009.

Í sískráningu barnaverndarnefnda var á árinu 2009 í fyrsta sinn spurt sérstaklega um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi. Fyrstu sex mánuði ársins 2010 var hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu 7,9%. Fyrstu sex mánuði ársins 2009 var hlutfallið 9,3%. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 4,4% fyrstu sex mánuði ársins 2010, en 2,5% fyrstu sex mánuði ársins 2009.

Flestar tilkynningar voru frá lögreglu, en hlutfall þeirra var 49,1% fyrstu sex mánuði ársins 2010, en 49,8% fyrstu sex mánuði ársins 2009.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um fyrstu sex mánuði ársins 2010 var 4.075 börn, en sambærileg tala fyrir árið 2009 var 3.987 börn. Tilkynnt var því um rúmlega 2% fleiri börn fyrstu sex mánuði ársins 2010 en fyrstu sex mánuði ársins 2009.

**Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði fyrstu sex mánuði ársins 2010 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 75 fyrstu sex mánuði ársins 2010 en 78 fyrstu sex mánuði ársins 2009. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 74,7% umsókna fyrstu sex mánuði ársins 2010 og 78,2% árið 2009. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur bæði tímabilin, en 56% umsókna fyrstu sex mánuði ársins 2010 voru fyrir drengi og 51,3% árið 2009. Meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir var 15,4 ár fyrstu sex mánuði ársins 2010.

Alls bárust 42 umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2010 um Fjölkerfameðferð (MST), en 28 umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2009. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Nýtt MST meðferðarteymi tók til starfa í mars s.l. og fjölgaði þerapistum þá úr fjórum í sex. Meðalaldur barnanna sem sótt var um fyrir var rúmlega 14 ár. Sótt var um fyrir jafn margar stúlkur og drengi fyrstu sex mánuði ársins 2010, en umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2009 voru í 71,4% tilvika fyrir drengi.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fjölgaði úr 55 í 63 á umræddu tímabili. Flestar umsóknir voru um tímabundið fóstur eða 77,8% fyrstu sex mánuði ársins 2010, en 82% fyrstu sex mánuði ársins 2009. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur, en 52,4 umsókna voru fyrir drengi fyrstu sex mánuði ársins 2010 og 56,4% fyrstu sex mánuði ársins 2009.

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl samtals 123 fyrstu sex mánuði ársins 2010, en 137 fyrstu sex mánuði ársins 2009. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 67,5% fyrstu sex mánuði ársins 2010 og 75,7 % fyrstu sex mánuði ársins 2009.

Fyrstu sex mánuði ársins 2010 voru 132 vistanir á neyðarvistun Stuðla, sami fjöldi og fyrir sambærilegt tímabili árið á undan. Vistunardögum fækkaði fyrstu sex mánuði ársins 2010 miðað við sama tímabil árið á undan úr 804 dögum í 782 daga. Fjöldi einstaklinga fyrstu sex mánuði ársins 2010 var 71, en 70 einstaklingar komu í neyðarvistun fyrstu 6 mánuði ársins 2009.

Fjöldi umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fækkaði um eina ef bornir eru saman fyrstu 6 mánuði áranna 2009 og 2010. Samtals bárust 31 umsókn fyrstu sex mánuði ársins 2010 og voru flestar umsóknir frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

# Tilkynningar til barnaverndarnefnda

## Fjöldi tilkynninga

| Barnaverndarnefnd | Fyrstu 6 mán 2009 | | Fyrstu 6 mán 2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 2.268 | 47,6 | 2.264 | 45,9 |
| Seltjarnarnes | 33 | 0,7 | 22 | 0,4 |
| Kópavogur | 394 | 8,3 | 421 | 8,5 |
| Garðabær | 70 | 1,5 | 69 | 1,4 |
| Hafnarfjörður | 346 | 7,3 | 388 | 7,9 |
| Álftanes | 43 | 0,9 | 59 | 1,2 |
| Reykjanesbær | 282 | 5,9 | 279 | 5,7 |
| Grindavík | 55 | 1,2 | 57 | 1,2 |
| Sandgerði | 121 | 2,5 | 191 | 3,9 |
| Mosfellsbær | 173 | 3,6 | 134 | 2,7 |
| Akranes | 94 | 2,0 | 60 | 1,2 |
| Borgarfjarðar og Dala | 28 | 0,6 | 16 | 0,3 |
| Snæfellinga | 26 | 0,5 | 14 | 0,3 |
| Norðanverðir Vestfirðir | 72 | 1,5 | 100 | 2,0 |
| Vesturbyggð og Tálknafjörður | 7 | 0,1 | 13 | 0,3 |
| Húnaþing vestra | 18 | 0,4 | 25 | 0,5 |
| A-Hún | 13 | 0,3 | 39 | 0,8 |
| Skagafjörður | 45 | 0,9 | 23 | 0,5 |
| Útey | 52 | 1,1 | 56 | 1,1 |
| Eyjafjörður | 170 | 3,6 | 189 | 3,8 |
| Grímsey | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Þingeyingar | 62 | 1,3 | 71 | 1,4 |
| Fljótsdalshérað | 46 | 1,0 | 34 | 0,7 |
| Fjarðabyggð | 39 | 0,8 | 69 | 1,4 |
| Hornafjörður | 20 | 0,4 | 19 | 0,4 |
| Árborg | 95 | 2,0 | 82 | 1,7 |
| Uppsveitir Árnessýslu | 21 | 0,5 | 18 | 0,4 |
| Hveragerði | 18 | 0,4 | 26 | 0,5 |
| Ölfus | 3 | 0,1 | 7 | 0,1 |
| Rang.valla- og V-Skaftafellss. | 26 | 0,4 | 37 | 0,8 |
| Vestmannaeyjar | 125 | 2,6 | 151 | 3,1 |
| **Samtals** | **4.765** | **100,0** | **4.933** | **100,0** |

*Barnav. Grímseyjar sameinaðist barnav. Eyjafjarðar 1. júní 2009.

## Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

| Landsvæði | **Fyrstu 6 mán 2009** | | **Fyrstu 6 mán 2010** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði* | 3.327 | 69,8 | 3.357 | 68,0 |
| Landsbyggð | 1.438 | 30,2 | 1.576 | 32,0 |
| **Samtals** | **4.765** | **100,0** | **4.933** | **100,0** |

* Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um*

| Barnaverndarnefnd | Fyrstu 6 mán 2009 | | Fyrstu 6 mán 2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 1.738 | 43,6 | 1.771 | 43,5 |
| Seltjarnarnes | 22 | 0,6 | 22 | 0,5 |
| Kópavogur | 332 | 8,3 | 350 | 8,6 |
| Garðabær | 67 | 1,7 | 64 | 1,6 |
| Hafnarfjörður | 310 | 7,8 | 335 | 8,2 |
| Álftanes | 36 | 0,9 | 43 | 1,1 |
| Reykjanesbær | 237 | 5,9 | 254 | 6,2 |
| Grindavík | 53 | 1,3 | 51 | 1,3 |
| Sandgerði | 121 | 3,0 | 138 | 3,4 |
| Mosfellsbær | 173 | 4,3 | 123 | 3,0 |
| Akranes | 83 | 2,1 | 52 | 1,3 |
| Borgarfjarðar og Dala | 27 | 0,7 | 16 | 0,4 |
| Snæfellinga | 25 | 0,6 | 14 | 0,3 |
| Norðanverðir Vestfirðir | 70 | 1,8 | 84 | 2,1 |
| Vesturbyggð og Tálknafjörður | 7 | 0,2 | 13 | 0,3 |
| Húnaþing vestra | 18 | 0,5 | 20 | 0,5 |
| A-Hún | 13 | 0,3 | 23 | 0,6 |
| Skagafjörður | 44 | 1,1 | 20 | 0,5 |
| Útey | 47 | 1,2 | 56 | 1,4 |
| Eyjafjörður | 135 | 3,4 | 174 | 4,3 |
| Grímsey | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Þingeyingar | 60 | 1,5 | 63 | 1,5 |
| Fljótsdalshérað | 41 | 1,0 | 33 | 0,8 |
| Fjarðabyggð | 38 | 1,0 | 66 | 1,6 |
| Hornafjörður | 19 | 0,5 | 19 | 0,5 |
| Árborg | 94 | 2,4 | 82 | 2,0 |
| Uppsveitir Árnessýslu | 18 | 0,5 | 15 | 0,4 |
| Hveragerði | 18 | 0,5 | 24 | 0,6 |
| Ölfus | 3 | 0,1 | 4 | 0,1 |
| Rang.valla- og V-Skaftafellss. | 24 | 0,6 | 33 | 0,8 |
| Vestmannaeyjar | 114 | 2,9 | 113 | 2,8 |
| **Samtals** | **3.987** | **100,0** | **4.075** | **100,0** |

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán 2009 | | Fyrstu 6 mán 2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði | 2.678 | 67,2 | 2.708 | 66,5 |
| Landsbyggð | 1.309 | 32,8 | 1.367 | 33,5 |
| **Samtals** | **3.987** | **100,0** | **4.075** | **100,0** |

*Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun*

| | Fyrstu 6 mánuði 2009 | | Fyrstu 6 mánuði 2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál) | (1.903) | (47,7) | 2.625 | 64,4 |

*Þess ber að geta að tölurnar milli 2009 og 2010 er ekki fyllilega samanburðarhæfar vegna breytinga á sískráningu í byrjun árs 2010.

## Ástæður tilkynninga*

| Ástæður tilkynninga | Fyrstu 6 mán 2009 | | Fyrstu 6 mán 2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| **Vanræksla** | **1.615** | **33,9** | **1.561** | **31,7** |
| Líkamleg vanræksla | 55 | 1,2 | 74 | 1,5 |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 1.300 | 27,3 | 1.305 | 26,5 |
| *Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu | 444 | 9,3 | 391 | 7,9 |
| Vanræksla varðandi nám | 63 | 1,3 | 63 | 1,3 |
| Tilfinningaleg vanræksla | 211 | 4,4 | 148 | 3,0 |
| **Ofbeldi** | **893** | **18,7** | **1.044** | **21,2** |
| Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi | 346 | 7,3 | 567 | 11,5 |
| *þar af heimilisofbeldi | 118 | 2,5 | 216 | 4,4 |
| Líkamlegt ofbeldi | 293 | 6,1 | 275 | 5,6 |
| Kynferðislegt ofbeldi | 260 | 5,5 | 223 | 4,5 |
| **Áhættuhegðun** | **2.243** | **47,1** | **2.305** | **46,7** |
| Neysla barns á vímuefnum | 304 | 6,4 | 409 | 8,3 |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 600 | 12,6 | 489 | 9,9 |
| Afbrot barns | 1.007 | 21,1 | 1.052 | 21,3 |
| Barn beitir ofbeldi | 213 | 4,5 | 268 | 5,4 |
| Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | 154 | 3,2 | 114 | 2,3 |
| **Heilsa eða líf ófædds barns í hættu** | **14** | **0,3** | **23** | **0,5** |
| **Tilkynningar alls** | **4.765** | **100,0** | **4.933** | **100,0** |
| **Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu** | **91** | | **104** | |

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

*Fyrst var spurt um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi í sískráningu 2009

## Tilkynnendur

| Tilkynnendur | **Fyrstu 6 mán 2009** | | **Fyrstu 6 mán 2010** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnið sjálft | 25 | 0,5 | 30 | 0,6 |
| Ættingjar barns aðrir en foreldrar | 220 | 4,6 | 214 | 4,3 |
| Nágrannar | 360 | 7,6 | 364 | 7,4 |
| Önnur barnaverndarnefnd | 98 | 2,1 | 75 | 1,5 |
| Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu | 92 | 1,9 | 76 | 1,5 |
| Lögregla | 2.372 | 49,8 | 2.420 | 49,1 |
| Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr. | 550 | 11,5 | 537 | 10,9 |
| Leikskóli/gæsluforeldri | 112 | 2,4 | 80 | 1,6 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 277 | 5,8 | 322 | 6,5 |
| Foreldrar barns | 441 | 9,3 | 481 | 9,8 |
| Aðrir | 218 | 4,6 | 334 | 6,8 |
| **Samtals** | **4.765** | **100,0** | **4.933** | **100,0** |

# Umsóknir um meðferð

## Tegund meðferðar

| **Tegund meðferðar** | **Fyrstu 6 mán 2009** | | **Fyrstu 6 mán 2010** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Stuðlar | 36 | 46,1 | 30 | 40,0 |
| Götusmiðjan | 24 | 30,8 | 29 | 38,7 |
| Langtímameðferð | 18 | 23,1 | 16 | 21,3 |
| **Samtals** | **78** | **100,0** | **75** | **100,0** |

## Umsóknir eftir landsvæði

| **Landsvæði** | **Fyrstu 6 mán 2009** | | **Fyrstu 6 mán 2010** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 34 | 43,6 | 32 | 42,7 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 27 | 34,6 | 24 | 32,0 |
| Landsbyggð | 17 | 21,8 | 19 | 25,3 |
| **Samtals** | **78** | **100,0** | **75** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

| **Kyn** | **Fyrstu 6 mán 2009** | | **Fyrstu 6 mán 2010** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 40 | 51,3 | 42 | 56,0 |
| Stúlkur | 38 | 48,7 | 33 | 44,0 |
| **Samtals** | **78** | **100,0** | **75** | **100,0** |

## Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

| **Meðalaldur barna** | **Fyrstu 6 mán 2009** | **Fyrstu 6 mán 2010** |
|---|---|---|
| Meðalaldur barna | 15,2 | 15,4 |

## Umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST)

Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Nýtt MST meðferðarteymi tók til starfa í mars s.l. og fjölgaði þerapistum þá úr fjórum í sex.

### Umsóknir eftir landsvæði

| **Landsvæði** | **Fyrstu 6 mán 2009** | | **Fyrstu 6 mán 2010** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 12 | 42,9 | 17 | 40,5 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 16 | 57,1 | 25 | 59,5 |
| **Samtals** | **28** | **100,0** | **42** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

| **Kyn** | **Fyrstu 6 mán 2009** | | **Fyrstu 6 mán 2010** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 20 | 71,4 | 21 | 50,0 |
| Stúlkur | 8 | 28,6 | 21 | 50,0 |
| **Samtals** | **28** | **100,0** | **42** | **100,0** |

### Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

| **Meðalaldur barna** | **Fyrstu 6 mán 2009** | **Fyrstu 6 mán 2010** |
|---|---|---|
| Meðalaldur barna | 14,3 | 14,2 |

# Umsóknir um fóstur

## Tegund fósturs

| Tegund fósturs | Fyrstu 6 mán 2009 | | Fyrstu 6 mán 2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Tímabundið | 45 | 82,0 | 49 | 77,8 |
| Varanlegt | 2 | 3,6 | 4 | 6,3 |
| Styrkt | 8 | 14,5 | 10 | 15,9 |
| **Samtals** | **55** | **100,0** | **63** | **100,0** |

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 6 mán 2009 | | Fyrstu 6 mán 2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 22 | 40,0 | 35 | 55,6 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 14 | 25,5 | 9 | 14,3 |
| Landsbyggð | 19 | 34,5 | 19 | 30,2 |
| **Samtals** | **55** | **100,0** | **63** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

| Kyn | Fyrstu 6 mán 2009 | | Fyrstu 6 mán 2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 31 | 56,4 | 33 | 52,4 |
| Stúlkur | 24 | 43,6 | 30 | 47,6 |
| **Samtals** | **55** | **100,0** | **63** | **100,0** |

## Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

| Meðalaldur barna | Fyrstu 6 mán 2009 | Fyrstu 6 mán 2010 |
|---|---|---|
| Tímabundið | 13,2 | 9,0 |
| Varanlegt | 16,0 | 12,8 |
| Styrkt | 11,5 | 12,7 |
| Samtals | 13,0 | 9,8 |

# Þjónusta í Barnahúsi

## Þjónusta í Barnahúsi

| | Fyrstu 6 mánuði 2009<br>Fjöldi | Fyrstu 6 mánuði 2010<br>Fjöldi |
|---|---|---|
| Rannsóknarviðtöl | 137 | 123 |
| a. Skýrslutökur | 29 | 26 |
| b. Könnunarviðtöl | 108 | 97 |
| Greiningar- og meðferðarviðtöl | 74 | 59 |
| Læknisskoðanir | 24 | 10 |

## Kyn barna í Barnahúsi*

| **Kyn** | **Fyrstu 6 mánuði 2009** | | **Fyrstu 6 mánuði 2010** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 34 | 24,3 | 40 | 32,5 |
| Stúlkur | 103 | 75,7 | 83 | 67,5 |
| **Samtals** | **137** | **100,0** | **123** | **100,0** |

*kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

# Neyðarvistun á Stuðlum

## Neyðarvistun á Stuðlum

| | Fyrstu 6 mánuði 2009 | Fyrstu 6 mánuði 2010 |
|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi |
| Fjöldi vistana | 132 | 132 |
| Vistunardagar | 804 | 782 |
| Fjöldi einstaklinga | 70 | 71 |

## Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

| **Kyn** | **Fyrstu 6 mánuði 2009** | | **Fyrstu 6 mánuði 2010** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 34 | 48,6 | 32 | 45,1 |
| Stúlkur | 36 | 51,4 | 39 | 54,9 |
| **Samtals** | **70** | **100,0** | **71** | **100,0** |

# Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

## Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

| Hvaðan koma umsóknir? | Fyrstu 6 mán 2009 | | Fyrstu 6 mán 2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík og nágrenni | 15 | 47,0 | 15 | 48,4 |
| Vesturland | 6 | 19,0 | 2 | 6,5 |
| Vestfirðir | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Norðurland | 6 | 19,0 | 7 | 22,6 |
| Austurland | 1 | 3,0 | 1 | 3,2 |
| Suðurland | 2 | 6,0 | 4 | 12,9 |
| Reykjanes | 2 | 6,0 | 2 | 6,5 |
| Fólk búsett erlendis | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| **Samtals** | **32** | **100,0** | **31** | **100,0** |